

11. gr.

Fyrir leyfi, skv. 4. gr., skal greiða gjald í bæjarsjóð, kr. 4.000,00 á ári. Gjaldldagi þess er 15. mars ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, má bæjarstjórn svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum kr. 1.000,00 - 10.000,00 og renna sektirnar í bæjarsjóð. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. lögum nr. 17. 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til þess að öðlast gildi þegar í stað með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt er fellt úr gildi samþykkt um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjum, frá 12. nóv. 1952.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

13. ágúst 1982.

Nr. 481.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 10. ágúst 1964.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð 15 borgarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun borgarstjóra, forseta borgarstjórnar, eða ef fimm borgarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Breytingar þessar taka gildi við reglulegar kosningar til borgarstjórnar á árinu 1986 og skulu þá kjörnir 15 borgarfulltrúar.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961.

Félagsmálaráðuneytið, 13. ágúst 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.